

Febrúar

Pési

168 tbl. 14. Árgangur febr. 2004
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Ísólfr Gylfi Pálmason
Sími: 486-6617
E-mail hrni@sudurland.is
og hrni@mmedia.is

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

Í mars kemur Pésinn út briðjud. 16.mars

Skilafrestur á efni er til 12. mars.

Hjónaball!

Eins og áður var auglýst, verður okkar árlega hjónaball laugardaginn 28. febrúar n.k. og hefst stundvíslega kl. 20:30. Pantanir hjá hjónaballsnefnd í síðasta lagi **22. febrúar.**

Lilja, Bjarni sími 486-6775, 893-2252

Lilja, Emil sími 486-6657

Nánar auglýst í dreifibréfi.

Hjónaballsnefndin.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plökkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Föræun

Vaxmeðferðir

Tímamantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Heimaland

Læknir verður til viðtals
í "Kjallaranum" kl 14:00 fyrsta
fimmtudag hvers mánaðar eins og
verið hefur undanfarna vetur.

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga 18:00-22:00
Föstudaga 17:00-21:30
Laugadaga og sunnudaga 13:00-18:00

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00
Þriðjudaga 16:00-18:00.
Miðvikudaga 16:00-18:00
Fimmtudaga 16:00-18:00.

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga til fimmtudaga 15:30-22:00
Föstudaga 13:00-21:00
Laugardaga LOKAÐ
Sunnudaga 14:00-21:00



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana

13.febr., 27. febr,

laugard 28.febr og 12. mars

Pantið tímanlega.

Tímappantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

FLÚÐALEIÐ ehf.

**Vöruflutningar
ferðaáætlun**

þriðjudaga -miðvikudaga- fimmtudaga -
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá **VM-Flytjanda**

Klettagörðum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Kjaftaklúbburinn Hrunamannahreppur.

Hver eru fyrstu viðbrögð okkar Hrunamanna (eða allavega sumra okkar) þegar eitthvað fer miður hér í hreppnum? Jú, fyrstu viðbrögð eru að finna einhvern blóraböggul sem hægt er að skella skuldinni á, því að ekki er það hægt að láta kyrrt liggja og sætta sig við orðinn hlut.

Ég, ásamt mörgum öðrum hér í sveit, er orðinn langsamlega þreyttur á því að alltaf þurfi að kenna einhverjum um ef eitthvað gerist hér í sveitinni, því oftast eru það sami einstaklingur eða einstaklingar sem fá að kenna á gróusögunum, hvað sem gerist.

Mér þykir miður að búa í samfélagi sem er svo gegnsýrt af kjaftasögum og viðbjóði að maður veit ekki hvaðan á mann stendur veðrið!

Hvaða ánægju hefur fólk af því að ljúga upp á aðra og svarta mannorð þeirra? Hvaða ánægju hefur fólk af því að láta öðrum líða illa? Hvaða ánægju hefur fólk af því að segja kjaftasögur sem verða til þess að einstaklingarnir sem sögurnar eru um fá ekki lengur vinnu? Svo miklar og ógeðfelldar eru kjaftasögurnar að mér verður hreinlega illt!

Sumir eru duglegri en aðrir að búa til sögurnar og fara svo og koma sér fyrir í heita pottinum niðri í sundlaug, sem einhverra hluta vegna virðist vera uppspretta kjaftasaganna því þær þrífast og lifa góðu lífi þar, og býr til og segir þessar viðurstyggilegu lygasögur sem ekki einu sinni Gróa á Leiti myndi ekki taka trúanlegar! Taki þeir til sín sem eiga.

Mér finnst að þeir sem hafa gaman af því að rægja aðra og koma óorði á saklaust fólk, eigi nú að reyna að ímynda sér hvernig þeim liði ef einhverjar ógeðfelldar sögusagnir færu á kreik um sig, ef þeir vissu hvers konar óþægindi og jafnvel kvalir þeir þyrftu að ganga í gegn um ef sögur færu af stað um þá myndu þeir eflaust hugsa sig tvisvar um áður en þeir segðu sögur um aðra.

Íbúar Hrunamannahrepps, strengjum þess heit á nýju ári að hætta að breiða út kjaftasögum um aðra og horfum björtum augum fram á veginn í samfélagi sem einkennist af samkennd, ekki leiðindum og biturð.

Í leiðinni vil ég óska öllum sveitungum mínum gleði og hamingju ár nýju ári.

Bjarki Eiríksson
Silfurtúni.

minkaeyðingu og þá óánægju sveitarfélaga með framlag ríkisins til þessa málaflokks. Ákveðið að refa og minkaveiðar verði með óbreyttum hætti á árinu og þær verði í höndum heimamanna. Rætt um fjallskil og á hvern hátt þau verði framkvæmd í haust.

Árið 2004 miðvikud.4.febr kl. 14 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar í fundarsal ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson, Þorsteinn Loftsson, Eiríkur Ágústsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Í upphafi óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboð. Oddviti óskaði eftir að lögð yrði fram greinargerð frá fræðslunefnd og 23 fundargerð veitustjórnar sem haldinn var s.l. mánudag. Einnig bréf frá byggingarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu frá 13.janúar s.l. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrár .

1. Landbúnaðarnefnd fundargerð frá 7. janúar auk þess kom nefndin til fundarins. **Oddviti bauð Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps velkomna á fundinn, þá Bjarna Val Guðmundsson, Unnstein Hermannsson og Ólaf Stefánsson. Oddviti kynnti fundargerðina sem fjallaði um landvörslu, skálavörslu, heysölu, girðingar o.fl. á afrétti. Því næst var rætt um framtíð Hrunaréttta m.t.t. vatnsverndar. Rætt var um staðsetningu nýrra rétta og á hvern hátt ætti að byggja þær. Ákveðið var að ekki yrði réttað í núverandi Hrunaréttum í haust. Tillaga kom fram um að sveitarfélagið sjái til þess að nýjar réttir verði reistar í haust á nýjum stað. Hreppsnefnd hefur m.a. farið á fund Landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknis vegna þessara mála. Einnig var rætt um refa og**

2. Ferðamálanefnd fundargerð frá 7. janúar.

Oddviti kynnti fundargerð Ferðamálanefndar en að stórum hluta var farið yfir fundargerðina á síðasta fundi þar sem þetta var sameiginlegur fundur æskulýðs- og íþróttanefndar en sú fundargerð var tekin fyrir á síðasta hreppsnefndarfundi.

3. Nefnd um sameiningu sveitarfélaga – ósk um samstarf – bréf frá 22. janúar.

Oddviti kynnti bréf frá nefnd um sameiningu sveitarfélaga sem skipuð er af félagsmálaráðherra, þar sem óskað er eftir tillögum um sameiningarkosti. Bréfið er í raun stílað til samtaka sveitarfélaga en eðlilegt að sveitarstjórn skoði þessi mál. Rætt var um framtíðarskipan þessara mála og þeirra málaflokka sem hugsanlega koma inn á borð sveitarfélaganna.

4. 110 fundur Sorpstöðvar Suðurlands frá 15 janúar.

Oddviti kynnti fundargerðina þar er fjallað um innraskipulag stöðvarinnar, einnig er í fundargerðinni tillaga að gjaldskrá.

5. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands – bréf frá 23. janúar. Setning samþykka og gjaldskrár.

Oddviti kynnti bréfið þar er fjallað um samþykktir og setningu gjaldskrár í sveitarfélögum.

6. 61 fundur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands frá 21. janúar.

Oddviti kynnti fundargerðina. Þar eru ýmsar upplýsingar um vatnsvernd, starfsleyfi o.fl.

7. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands – 235 fundur frá 16. janúar.

Oddviti kynnti fundargerðina en þessi fundur var haldinn á Flúðum. Þar er fjallað um fjárhagsstöðu sjóðsins sem er mjög góð. Einnig er fjallað um Byggðanetið en fjarfundarbúnaður er m.a. staðsettur í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

8. Verkfræðistofa Suðurlands – nýbygging leikskóla minnisblað 26 – úttekt raflagna.

Oddviti kynnti minnisblaðið sem fjallar um úttekt raflagna í leikskólanum.

9. Menntamálaráðuneyti bréf dags. 16. janúar og svar skólastjóra frá 22. janúar.

Oddviti kynnti bréfið og svar skólastjóra Flúðaskóla. Ákveðið var að senda upplýsingarnar til fræðslunefndar.

10. Ályktanir BSRB frá 16. janúar.

Oddviti kynnti ályktunina sem fjallar um viðbótarlífeyrissjóðsframlag.

11. Lánasjóður sveitarfélaga – lánumsókn 2004.

Oddviti kynnti bréfið og ákveðið var að sveitarfélagið sækir um 20.000.000 kr. lán til sjóðsins eins og samþykkt var í fjárhagsáætlun hreppsins.

12. Tónlistarskóli Árnessýslu – upp lýsinga v. reksturs o.fl. upplýsingar

Oddviti kynnti framkomnar upplýsingar sem tengjast starfsemi skólans. Ákveðið að senda upplýsingarnar til fræðslunefndar.

13. 23. fundargerð veitustjórna 2. febrúar Fundargerðinni er fjallað um innheimtumál, vatnsverndarsvæði, orkusölu og fund sem sveitarstjóri, hitaveitustjóri og formaður veitustjórnar fara á n.k. föstudag til Orkustofnunar þar sem farið verður yfir framtíðarskipan orkumála á Flúðum.

14. Greinargerð fræðslunefndar með fjárhagsáætlun. Ákveðið að fjalla nánar um málið á næsta fundi.

Til kynningar og umræðu:

- **Fjárlaganefnd styrkur til Minjasafnsins í Gröf. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni yfir því að þessi styrkur fái.**
- **Ályktanir frá 43. þingi UMFÍ**
- **SASS – drög að stefnu í menningarmálum**
- **Tónlistarskóli Árnesinga “gerum góðan skóla betri” (skýrsla á skrifstofu)**
- **ÍSÍ – skýrsla um “ípróttaiðkun án endurgjalds” (skýrsla á skrifstofu)**
- **Menntamálaráðuneytið bréf frá 22. janúar**

“hreyfing eflir hugann”

15. Bréf frá Byggingarfulltrúa Uppsveita
Árnessýslu frá 13. janúar.

**Hreppsnefnd staðfestir tillögu að
gjaldskrá vegna byggingarleyfa o.fl. sem
fram kemur í bréfinu.**

16. Fundur með fulltrúum Hitaveitu
Grafarhverfis. **Oddviti bauð gesti
velkomna til fundarins. Þeir voru
Hróbjartur Hróbjartsson, Kjartan
Helgason og Jón Hermannsson. Rætt var
um framtíðarmöguleika á nýtingu
jarðhitans á svæðinu auk rannsókna og
hugsanlega samvinnu í þeim efnunum.**

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 17.00

Pésinn – mikið lesinn!

Enn einn mánuðurinn er liðinn og út er kominn nýr Pési. Ég hef orðið þess áskynja að Pésinn er mikið lesinn og margir hafa skoðanir á því hvernig hann á að vera. Einhver húmoristinn sagði að það væri bara svolítið gaman að því að lesa “ einræður Ísólfs Gylfa” eins og hann orðaði það. Þetta er mesta hrós sem ég hef fengið fyrir ritsmíðar mínar bæði fyrr og síðar. Ég vil gjarnan miðla upplýsingum um hreppsmálin í gegnum þetta litla rit og reyna að hafa áhrif á hagsmunamál sem snerta íbúanna. Margt set ég fram í léttum tón og ber ekki endilega að líta á sem ódauðleg bókmenntaverk og ég er boðinn og búinn til þess að leiðrétta fari ég of frjállega með efnið enda er ég nýr í hreppnum og sé hlutina ekki endilega með sömu augum og þeir sem lengi hafa búið hér. Skrif mín um að innflytjendur grænmetis séu að reyna að koma íslenskum stimpli á innflutt grænmeti hefur vakið athygli og hefur verið tekið upp víðar. Það er reyndar alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessu. Í ljós hefur komið að þetta á við um fleiri tegundir en sveppi. Þannig er reynt að láta líta út fyrir með rauðkál, sem mér er sagt að aðeins sé ræktað hér í Hrunamannahreppi til að selja í verslunum á Íslandi. 90% af rauðkálssölunni fer fram í desembermánuði og eru nokkrir óprúttir söluaðilar farnir að setja innflutt rauðkál í kassa merktum íslenskum framleiðendum. Þetta er auðvitað óþolandi og sjálfsagt að vekja athygli á. Nú eru fyrstu íslensku paprikur ársins að koma á markaðinn. Þær koma frá Guðbjörgu og Georg frá Jörfa. Í eina tíð bárum við mikla virðingu fyrir öllu sem erlent var en nú er svo komið að ýmis matvara sem við framleiðum á Íslandi er mikið betri en sú erlenda en söluaðilar eru að reyna að blekkja neytendur með ofangreindum hætti. Það er okkar að standa vörð um íslenska framleiðslu.

Í burðarliðnum er áætlun um nýtt vatnsverndarsvæði í hreppnum sem leiðir væntanlega til þess að við verðum að flytja réttirnar okkar. Ýmsir staðir hafa verið nefndir en ekkert ákveðið í þeim efnunum.

Landbúnaðar- og hreppsnefnd eru að skoða þessa möguleika. Réttardagurinn er einn mesti hátíðisdagur í sveitinni og eru göngur og réttir hluti af menningu þeirra byggðarlaga sem eiga afrétt og nýta hann til beitar. Fæstir geta hugsað þá hugsun til enda ef þessi ævaforni siður leggst niður. Þetta á við um íbúa hér og einnig þá

fjölmörgu gesti sem hingað koma á réttardaginn. Vonandi finnst farsæl lausn á þessum málum sem flestir geta sætt sig við.

Eitt það óskemmtilegasta sem við gerum hér á skrifstofunni er að standa í innheimtumálum. Engu að síður er það hluti af skyldum okkar. Ég hvet því íbúa hreppsins að standa í skilum þannig að komast megi hjá hörðum innheimtuaðgerðum. Það eru gerðar kröfur til okkar um fjölbreytilega þjónustu og til þess að geta staðið undir þeim kröfum verðum við að afla þeirra tekna sem gert er ráð fyrir, lögum samkvæmt að sveitarsjóður fái. Vert er að þakka þeim fjölmörgu íbúum sem alltaf standa í skilum fyrir skilvísina hún sparar öllum, bæði tíma, óþægindi og peninga.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Stuttar Pésafréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps.

Ungir listamenn.

Hið listræna starf í skólanum hefur vakið mikla athygli. Í fyrra unnu nemendur sjötta og sjöunda bekkjar að gerð helgimynda fyrir Skálholtsútgáfuna sem gefnar hafa verið út og notaðar í kirkjustarfi um land allt. Þar njótum við góðs af starfi listamannsins okkar hennar, Sigríðar Helgu Olgeirsdóttur, en hún vinnur með kennslunni einnig að listmunagerð í Hruna. Þessir ungu listamenn eiga hugsanlega eftir að verða þekktir eins og hreppamaðurinn Einar Jónsson frá Galtafelli sem m.a. á listaverkið sem stendur við Félagsheimilið og heitir “Alda aldanna” og allir heimamenn þekkja. Að launum fyrir helgimyndirnar fengu nemendur forlata grafikpressu sem nýtist vel í listaverkagerðinni í skólanum.

Undirritun samnings um "lesið í skóginn".

Það var ánægjulegt að vera viðstaddur þegar undirritaður var samningur milli Flúðaskóla, Kvenfélagsins Hrunamannahrepps og Skógræktarfélags Hrunamannahrepps og Skógræktar ríkisins um verkefnið lesið í skóginn á dögnum. Guðmundur Magnússon á Flúðum á sinn stóra þátt í þessu verkefni en hann hefur verið ötull að kenna fólki að búa til listmuni úr skóginum. Okkar maður, Sigurður Sigmundsson fréttaritari Morgunblaðsins gerði fréttinni góð skil.

Félagsheimilið undirbúið fyrir hjónaball!

Þau systkinin Guðmundur Karl og Elín hafa lagt sig fram við að undirbúa Félagsheimilið okkar fyrir hjónaballið sem verður 28. febrúar. Búið er að dusta og síkka gardínur – drapperingar hafa verið viðraðar og þau fara um eins og hvítur stormsveipur. Glansinn á gólfinu hjá Harra reynist vel í danskennslu þeirra Halldórs og Ástu Guðnýjar í Efra-Seli en þeim er margt til lista lagt. Þau eru að undirbúa yngri kynslóðina fyrir hjónaböll framtíðarinnar. Nauðsynlegt og gott að kenna ungviðinu að dansa.

Hildur sló þeim við!

Það var glatt á hjalla á þorrablótinu á hótelinu á dögnum. Þetta var myndarlegt blót og vel skipulagt eins og allt sem hótelhaldararnir okkar gera og þeim til sóma. Þeir höfðu hátt félagarnir Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem flutti minni kvenna og Ísólfur Gylfi sem var veislustjóri en Hildur Sigurðardóttir sló þeim báðum við þegar hún flutti minni karla. Karlpeningurinn var hálf kindalegur á eftir en margar athyglisveðar hugmyndir setti Hildur fram um “sterkara kynið” sem sumir telja “veikara” þegar upp er staðið.

Yngstu sauðfjárþændur á Íslandi?

Þeir bræður Þorsteinn og Magnús Loftssynir eru búnir að kaupa Haukholt af foreldrum sínum, þeim Lofti og Hönnu. Þar koma þeir til með að búa sauðfjárþúi og er talið að þeir verði einir yngstu sauðfjárþændur á Íslandi. Magnús er reyndar tveimur árum yngri en Þorsteinn er líklega enn yngsti sveitarstjórnarmaður í landinu. Þeim bræðrum er óskað gæfu og gengis. Vonandi að hagur sauðfjárþænda vænkist í framtíðinni.

Okkar fólk í ferðapjónustunni!

Í síðasta Pésa talaði ég um okkar fólk í ferðapjónustunni þau Ásdísi Jóhannesdóttur (sem er vel ættuð ferðapjónustukona frá Syðra-Langholti) og Tryggva Guðmundsson. Ég fór ekki alveg rétt með starf Tryggva því hann er yfirmaður allra Flugleiðahótela landsins.

Auðvitað má nefna marga fleiri, þannig er Katrín Stefánsdóttir frá Götu umsvifamikil í ferðamállum á Hvolsvelli. Þau hjónin reka Ásgarð sem er gistihús og vinsæll matsölustaður. Einnig reka þau Hlíðarenda sem er mjög vinsæll áningastaður ferðamanna þó að lítið beri á Gunnari og Hallgerði þar.Mér hefur verið bent á að Ingólfur Pétursson hafi í raun verið frumkvöðull ferðapjónustunnar hér í hrepp. Til gamans má geta þess að dóttir hans Auður er hóteltjóri Flugleiðahótelsins á Egilsstöðum. Þarna er óhætt er að segja að “eplið falli ekki langt frá eikinni”. Nýjar kannanir sýna að 350.000 erlendir ferðamenn muni sækja Ísland heim á þessu ári og ef af verður er þetta enn eitt metið í heimsóknum erlendra ferðamanna til Íslands. Vonandi eigum við hreppamenn eftir að njóta góðs af þessum heimsóknum.

Hestamenn á faraldsfæti og koma heim töluvert eftir mjaltir!

Hestamennirnir okkar ætla að leggja land undir fót og skoða þróun hestamenskunnar í Rangárþingi um helgina. Þetta verður áræðanlega skemmtileg og fróðleg ferð. Sérstaka athygli vekur að þeir ætla að enda í Hestheimum hjá Ástu Beggu og Gísla um leið og þau eru gestrisið og skemmtilegt fólk eru þau góðir söngmenn ekki síður en hreppamenn, enda ættuð úr Skagafirðinum. Talað er um að heimferðartíminn verði töluvert eftir mjaltir. Í Hrunamannahrepp er fluttur einn af þekktustu hestamönnum landsins, hann heitir Þórður Þorgeirsson sem áður var á Ármóti á Rangárvöllum og temur hesta á Jaðri. Nú er bara spurningin um það hvort hestarnir eru betri í Rangárvallasýslu eða Árnassýslu. Heimsóknin fær líklega úr því skorið.

Flúðafiskur mettar milljónir manna!

Hrunamannahreppur er mikil matvælakista. Allir þekkja landbúnaðarframleiðsluna héðan. En einn er sá maður sem framleiðir vöru ofan í milljónir manna en það er Gunnar hjá Flúðafiski. Auðvitað er hann ekki einn að verki þar sem fjölmargir starfsmenn

starfa hjá fyrirtækinu. Einhver sagði að einn gámur af framleiðsluvöru Flúðafisks mettaði 1 milljón manna í eina viku. Gunnar er alltaf hæverskur og kurteis en líklega framleiðir hann matvöru ofaní fleira fólk en aðrir framleiðendur hér í hreppnum án þess að ástæða sé að koma upp miklum metingi í þeim efnunum.

Á fund ráðherra og Orfs.

Eins og sagt var frá í síðasta Pésa brá sveitarstjórnin og sveitarstjórinn undir sig betri fætinum og fór á fund landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknis á dögnum. Vel var tekið á móti hópnum. Aðalumræðuefni tengdist landbúnaðarmálum, riðu og uppgjöri vegna hennar, afréttarmálum og hugsanlega nýju réttarstæði o.fl. mætti nefna. Þá var farið í Rannsóknastofnun Landbúnaðarins og Orf skoðað en þeir eru með einstaklega spennandi áform í ræktunarmálum og úrvinnslu emsína sem væntanlega verða notuð til lyfjaframleiðslu. Í lokin var farið í skoðunarferð í Alþingi þar sem starfsmaður þingsins upprunnin í Eystri –hrepp, Hildur Gróa Gunnarsdóttir sýndi mönnum þingið. Ekki fara sögur af því hvort aðrir en varáþingmaðurinn sem með var í för væri með þingmanninn í maganum. Þó liggja einhverjir undir grun enda vantar fulltrúa sauðfjárbænda á þing

Á fund ÍSOR

Þeir kumpánar, hitaveitustjóri, sveitarstjóri og formaður veitustjórnar fóru á fund fulltrúa Íslenskra orkurannsókna (áður hluti af Orkustofnun) til þess að velta upp möguleikum á framtíðar orkumála í Hrunamannahreppi. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar hér í hrepp m.a. kom í ljós að háskólastúdentar voru hér að störfum árið 1976 undir handleiðslu Kristjáns Sæmundssonar. Hugmyndir eru uppi um að koma upp auðlindakorti af svæðinu o.fl. þessu tengt. Hér er um mikið verkefni að ræða sem er í skoðun.

Snjómoksturssamningur

Vegagerðin og Hrunamannahreppur hafa skrifað undir samning við Sigurð Ágústsson hjá Fögrusteini um snjómokstur í hreppnum. Sigurður keypti snjótönnina af Tómasi Þóri en hann þjónustaði okkur um snjómokstur um árabíl.

Sorphreinsun.

Tómas Þórir hefur beðið um að koma því á framfæri við íbúanna að setja sem minnst af lausum pappír í ruslatunnurnar. Þar sem veður eru váland á þessum tíma er algengt að fjúki uppúr tunnunum. Einnig biður hann fólk um að aðgengi að ruslatunnunum sé alltaf sem best en erfitt er að komast að tunnunum þegar snjór er mikill og stundum ókleift.

Enn unnið að aðalskipulagi.

Í vikunni kom Gylfi Guðjónsson, arkitekt með fríðu föruneyti til þess að halda áfram vinnu við aðalskipulag hreppsins. Mikil vinna er fólgin í aðalskipulaginu og gott að íbúar séu vakandi og leggi fram tillögur sínar meðan mögulegt er. Stefnt er að því að þessari vinnu ljúki á þessu ári.

Fundur um riðumál

Í síðustu viku boðuðu þau. Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir og Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Keldum til fundar um riðu í félagsheimilinu. Um fimmtíu manns sóttu fundinn sem var hinn fróðlegasti. Uppgjörsmál brenna að sjálfsögðu mjög á þeim bændum þar sem niðurskurður hefur átt sér stað. Þetta er allt auðvitað grafalvarleg mál. Menn velta að vonum fyrir sér smitleiðum og einn glöggur sauðfjárbóndi sá þó spaugilega hlið þegar rætt var um smitleiðirnar. Hann varpaði fram þeirri tilgátu að hugsanlega bærist smitið með þingmönnum og ráðherrum sem kappkosta að heimsækja sem flestar réttir. Sigurði dýralækni Sigurðarsyni þótti tilgátan athyglisverð og hún er nú í skoðun. Lofað er að uppgjörsmál gangi nú loks fyrir sig á næstu dögum.

Bækur til sölu!

Enn eru til nokkur eintök af bókunum Hrunamenn ábúendur og saga, sem Þorsteinn Jónsson tók saman, 100 ára afmæli Nautgriparæktarfélags Hrunamanna, sem Páll Lýðsson tók saman, auk þess sem til sölu bækur sem heita Aldarhvörf á Skeiðum sem er eftir Jón Eiríksson í Vorsabæ og geymir fjölda úrvarvalsljósmynda sem hann hefur tekið. Allar eru þessar bækur merkilegar heimildir og tilvaldar til gjafa. Þær fást á hreppsskrifstofunni.

Hús til sölu.

Einbýlishúsið að Högnastíg 56, Flúðum, er til sölu. Húsið er á tveim hæðum (efri hæð er 128 ferm. , neðri 118 ferm) alls 246 fermetrar að stærð og þar af er 50 fermetra tvöfaldur bílskúr í neðri hæð. 5 svefnherbergi, 2 baðherbergi, geymsla, rúmgóð sofa, eldhús og þvottahús á efri hæð með dyr út í garð. Upplýsingar í síma 486-6590. Jóhann og Esther.

Frá Bókasafni Hrunamanna.

Nú er verið að vinna að síðu fyrir bókasafnið á vefsíðu Hrunamannahrepps fludir.is .Þar verða í framtíðinni birtar ýmsar upplýsingar tengdar bókasafninu.

